

Hvammstanga, 1. febrúar 2022

Matvælaráðuneytið

Skúlagötu 4

101 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við tillögur sveitarfélaga um sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiársins 2021/2022

Undirritaður Pröstur Óskarsson gerir hér með, fyrir hönd útgerðarinnar Steini HU-45, eftirfarandi athugasemdir við sérreglur sveitarfélagsins Húnaþings vestra vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiársins 2021/2022.

Reglur sveitarfélagsins eru ekki í samræmi við reglur nærliggjandi sveitarfélaga og gera smærri útgerðum örðugara að falla undir reglurnar.

Húnaþing vestra er eina sveitarfélagið sem miðar við þrjú síðustu fiskveiðiar við útreikning veiðireynslu. Önnur sveitarfélög miða við s.l. tólf mánuði.

Undirritaður gerir kröfu um að horft sé til nýtingar á byggðakvóta undanfarinna ára, hjá þeim skipum sem hljóta úthlutun. Óeðlilegt má telja að úthluta verulegum hluta byggðakvóta sveitarfélagsins til útgerða sem ekki nýta hann að fullu, á meðan aðrar útgerðir fá lítið sem ekkert.

Verið er að gera litlum útgerðum minni möguleika á að fá úthlutað byggðakvóta. Mikill munur er á veiðigetudragnótábáta og handfæra/línubáta.

Fengi útgerð Steina HU-45 stærri hlutdeild í úthlutun byggðakvótans myndi hún gera meira út frá Hvammstanga og landa meiri fiski á Hvammstanga og skapa meira líf og umsvif á höfninni þar. Það er mikill munur fyrir litla útgerð að fá úthlutað byggðakvóta og geta skapað tekjur fyrir fyrirtækið og samfélagið með honum.

Undirritaður telur að með þessum sérreglum sé verulega verið að mismuna útgerðafyrirtækjum í sveitarfélaginu.

Virðingarfyllst

Pröstur Óskarsson, kt. 300363-7849